

Hverfisráð Hlíða

Ár 2015, fimmtudaginn 28. maí var haldinn 120. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð miðborgar og hlíða Laugavegi 77 og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður sem stýrði fundi, Hrefna Guðmundsdóttir, Svala Arnardóttir, sem sat fund fyrir Hilmar Sigurðsson, og Heiðrún Ólafsdóttir, sat fund fyrir Kristján Freyr Halldórsson. Hilmar Sigurðsson, Kristján Freyr Halldórsson boðuðu forföll. Kristinn Karl Brynjarsson boðaði ekki forföll og sendi ekki varamann. Þá sat fundinn Sigbrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Erindi frá USK. Strætórein v. Miklubraut . Umsögn Hverfisráðs Hlíða samþykkt og send USK.
2. Erindi frá USK v. lóðar nr. 47, Bólstaðarhlíð, Háteigsskóli. Umsögn Hverfisráðs Hlíða samþykkt og send USK.
Bókun:

Háteigsskóli býr við hvað þrengsta kost allra skóla í borginni. Með færanlegri kennslustofu á lóðinni er verið að minnka leikrými fyrir börnin þannig að mikilvægt er að finna framtíðar lausn á þessum vanda sem fyrst, bæði hvað varðar húsnæði og útisvæði fyrir börnin.

3. Svör frá USK varðandi hraðatakmarkanir í Hlíðum og hraðamælingar. Svör frá USK tekin fyrir og telur Hverfisráð Hlíða þau ófullnægjandi. Hverfisráð Hlíða felur framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvar Miðborgar /Hlíða að fá skýrari svör.
4. Erindi frá USK. Reitur 1.254. KHÍ og Bólst.hlíð.
Umsögn um lýsingu Umhverfis- og skipulagssviðs vegna reits 1.254 Kennaraháskóli – Bólstaðarhlíð sem sent var Umhverfis- og skipulagssviði 25. maí 2015 lögð fram.
5. Erindi frá MOF. Umsögn við aðg.áætlun Menningaráætlun. Umsögn Hverfisráð Hlíða sem send var 18. maí 2015 vegna aðgerðahluta menningarstefnu borgarinnar lögð fram.
6. Loftgæði í Hlíðum. Hverfisráð Hlíða er sammála um mikilvægi þessa að komið verði á föstum loftgæðamælum í hverfinu. Bréf þessa efnis mun verða send á heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar.
Bókun:

Hverfisráð óskar eftir föstum mæli í hverfi sem safnar gögnum um loftgæði og vel sé haldið utan um slíkar upplýsingar. Þess má geta að leikskólar eru nálægt Miklubraut og grunnskólar í hverfinu eru innan þeirra marka þar sem loftgæði hafa mælst lökust á færanlegum mælum á undangengnum árum í borginni.

7. Staða á Nágrannavörslu í Hlíðum, Holtum og Norðurmýri. Hverfisráð Hlíða biður Þjónustumiðstöð Miðborgar/Hlíða um að endurvekja verkefnið um Nágrannavörslu í hverfinu.

Næsti fundur 20. ágúst 2015.

Fundi slitið kl. 19:05

Margrét Norðdahl

Hrefna Guðmundsdóttir
Svala Arnardóttir

Heiðrún Ólafsdóttir